



Knattspyrnufélagið Haukar

Hafnarfjarðarbær

4/4 2016

1604046

253.1

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 4-6
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 3. apríl 2016.

Ágætu fulltrúar í bæjarráði.

Erindi frá Knattspyrnufélaginu Haukum.

Knattspyrnufélagið Haukar fagnar 85 ára afmæli félagsins þann 12. apríl næstkomandi. Stjórnendur félagsins horfa á þessum tímamótum yfir farin veg með þakklæti og stolti til alls þess sem áunnist hefur frá því að félagið var stofnað árið 1931. Á þessum tímamótum vill félagið færa bæjaryfirvöldum þakkir fyrir góðan stuðning við félagið á umliðnum árum og áratugum.

Enginn efast um góð áhrif íþróttanna í uppeldi barna og unglinga, þar sem gáski og gleði, samhliða góðri ástundun íþróttaiðkunar ræður för. Íþróttafélög hafa ríkum skyldum að gegna í okkar samfélagi og við Hafnfirðingar höfum það orð á okkur að hér séu íþróttir í hávegum hafðar og svo hefur verið um langa hríð. Af því orðspori erum við Hafnfirðingar stoltir.

Við höfum byggt glæsileg íþróttamannvirki sem hafa gert okkur kleift að bera hróður Hafnarfjarðarbæjar víða, samhliða því að skapa góða aðstöðu fyrir nærumhverfi til margvíslegrar starfsemi fyrir íbúa, unga sem aldna.

Mikil og hröð uppbygging á Völlum kallar á frekari uppbyggingu á Ásvöllum, en álag í íþróttamiðstöðinni á Ásvöllum er nú komið yfir þolmörk. Það er því ánægjulegt að nú hillir í að nýr íþróttasalur verði tekinn í notkun á næstu misserum. Þörf fyrir betri aðstöðu er ekki leyst í einni sviphendingu og því óskar Knattspyrnufélagið Haukar eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um möguleika á að fá húsnæði í Ásvallarlaug til afnota um óákveðinn tíma. Er þar um að ræða það nými sem Líkamsrækarstöðin Hress hefur haft til umráða. Er þá horft til þess að bæta aðstöðu fyrir Karatedeild félagsins og Fristundaheimili Hauka, en báðar þessar einingar félagsins hafa búið við það að nýta samkomusal félagsins fyrir sína starfsemi. Í framtíðarhugmyndum um uppbyggingu á Ásvöllum er gert ráð fyrir að þessari starfsemi verði komið fyrir í nýjum húsakynnum í félagsálmum sem ráðgert er að byggja innan fárra ára. Með því að fá aukið húsnæði skapast möguleiki á að efla áður nefnda starfsemi til muna.

Með ósk um góð viðbrögð.

Virðingarfyllt,

f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka,

Sannar Þurmannsson formaður

Hilgimur Hjelmsson frkv. stj.